

sameiginlegar eignir þeirra kæmu til skipta milli þeirra samkvæmt 90. gr. skiptalaga, og þar sem skipti hafi ekki farið fram eigi stefnandi fjárkröfu á hendur stefnda um helming eignanna. Gegn andmælum stefnda verður og að telja ósannað, að stefnandi hafi lagt fram fé í þágu stefnda eða vinnu til byggingarframkvæmdanna. Hins vegar þykir mega líta svo á, að stefnandi hafi með vinnu við sameiginlegt heimilishald lagt til vinnuframlag í þágu stefnda og að við aðstæður þær, sem sköpuðust, er stefnandi flutti í burtu, eigi stefnandi rétt á greiðslu endurgjalds fyrir það vinnuframlag. Þykir endurgjald þetta hæfilega ákveðið kr. 80.000. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ófeigur Pálsson, greiði stefnanda, Önnu Dóru Fanneyju Theodórsdóttur, kr. 80.000 með 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1981.

Nr. 109/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Sigvalda Jónssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Staðfest er ákvæði hér- aðsdóms um sakfellingu ákærða, og er brot hans réttilega talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bliðsjón af 255. gr., sbr. 71. og 72. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Taka ber bótakröfu Landsbanka Íslands til greina þannig, að frá höfuðstól, 3.320.00 krónum (nýkr.), dragist 155.00 krónur (nýkr.). Dæma ber því ákærða til að greiða Landsbanka Íslands 3.165.00 krónur (nýkr.) með vöxtum frá 31. desember 1979 til greiðsludags. Vextir ákveðast samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979, 43.5% á ári frá 31. desember 1979 til 1. júní 1980 og 46% á ári frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 1.800.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 3.165.00 krónur ásamt 43.5% ársvöxtum frá 31. desember 1979 til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 185/1980: Ákærvaldið gegn Sigvalda Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 11. þ. m., gegn Sigvalda Jónssyni vélskólanema, Bollagötu 6, nú Miklubraut 60, fæddum 21. júní 1948 í Reykjavík, „fyrir þjófnað og fjársvik samkvæmt 244. og 248. gr., sbr. að nokkru 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að stela þann 30. desember 1979 seðlaveski með kr. 12.000 í og bankabók nr. 153696 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, þar sem ákærði var staddur í íbúð að Mánagötu 20 í Reykjavík, og taka heimildarlaust út úr bókinni í bankanum daginn eftir kr. 332.000 og reyna síðan að taka út úr henni kr. 560.000 í útibúinu á Selfossi þann 3. janúar 1980, en var þá handtekinn.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 30. des. 1979 var ákærði staddur í íbúð Ottós Ryl, Mánagötu 20, ásamt fleira fólki, m. a. Kjartani Bjarnasyni, Elliheimilinu Grund. Þykir sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi tekið þar að ófrjálsum seðlaveski Kjartans ásamt sparisjóðsbók hans. Í veskinu voru 12.000 kr. í peningum skv. tilkynningu Kjartans, og ákærði kannast við, að eitthvað hafi verið af peningum í veskinu, en hann ekki talið þá. Ákærði fór næsta dag í Landsbankann og tók 332.000 kr. út úr bankabókinni. Hann ritaði rétt nafn sitt undir úttektarnótuna. Gerði hann sér síðan glaðan dag um áramótin. Hinn 3. janúar kom hann í útibú Landsbankans á Selfossi og hugðist taka út úr bókinni 560.000 kr. og hafði ritað úttektarnótu, en þarna var ákærði handtekinn. Hann hafði glatað veskinu, en 15.500 kr., sem hann hafði á sér, voru afhentar Kjartani Bjarnasyni, sem hefur lýst yfir því, að hann geri ekki frekari kröfur. Landsbankinn hefur krafist þess.

að ákærði verði dæmdur til þess að greiða bankanum 332.000 kr. ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 31. des. 1979 til greiðsludags, þó að frádregnum 15.500 kr.

Ákærði tók veskið með peningunum og bankabókinni og sló eign sinni á verðmæti þessi. Hefur hann þannig brotið gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Úttekt á innstæðu úr bankabók þeirri, er hann hafði aflað með þjófnaðarbroti, er hins vegar ekki sjálfstætt brot, og verður ákærði því ekki dæmdur fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

Ákærði varð 1964 uppvís að brotum gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

- 11. ágúst 1965 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
- 31. jan. 1966 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
- 27. okt. 1966 30 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarbrot.
- 26. jan. 1968 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 18. sept. 1968 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og tilraun til nytjastuldar.
- 19. sept. 1968 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarbrot.
- 14. apríl 1971 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn hegningarlögum og 25. gr. umferðarlaga.
- 10. maí 1971 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 5. nóv. 1973 4 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 19. mars 1975 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 9. júní 1976 6 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.

- 16. febr. 1977 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.
 - 2. okt. 1978 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
 - 29. nóv. 1979 30 daga fangelsi fyrir þjófnað.
- Auk þessara dóma, sem allir eru kveðnir upp hér í Reykjavík, var hann 1970 dæmdur í 2 mánaða fangelsi í Svíþjóð.

Ákærði verður að teljast vanaafbrotamaður, og verður refsing hans með hliðsjón af 71., 72. og 255. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Fjárfrafa Landsbanka Íslands verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigvaldi Jónsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands 332.000 kr. ásamt 4.5% mánaðarvöxtum frá 31. des. 1979 til greiðsludags, allt að frádrægnum 15.500 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 13. febrúar 1981.

Nr. 43/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Runólfi Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. febrúar 1981, sem barst Hæstarétti 10. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

7. febrúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 7. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.